

Forsætisráðuneytið  
Regína Sigurðardóttir,  
sérfræðingur  
Stjórnarráðshúsinu v/Lækjargötu  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 04. mars 2019  
2019020016/42-0  
JGO/LÁ

## Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hugsanleg kaup ríkisins á jörðinni Heiði á Síðu í Skaftárhreppi.

Í bréfi frá forsætisráðuneytinu dagsett 7. febrúar 2019 er verið að leggja mat á hvort rétt sé að ganga til viðræðna um kaup á jörðinni Heiði á Síðu í Skaftárhreppi. Ráðuneytið leitar svara við þrem spurningum sem settar eru fram í bréfinu og er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hugsanleg kaup á jörðinni með vísan til þessara spurninga.

Spurningarnar sem settar eru fram eru:

1. Hefur jörðin eða jarðarhlutinn verndargildi og hversu rík er verndarþörfin?
2. Hvaða ríku almannahagsmunir standa til þess að jörðin eða jarðarhlutinn verði eign ríkisins?
3. Hverjar eru fjárhagslegir hagsmunir ríkisins?

Náttúrufræðistofnun hefur lagt mat útfrá fyrirbyggjandi gögnum stofnunarinnar um þessa jörð en telur sig ekki hafa forsendur til að svara þriðju spurningunni þ.e. um fjárhagslega hagsmuni ríkisins.

### 1. Hefur jörðin eða jarðarhlutinn verndargildi og hversu rík er verndarþörfin?

Fjaðrárgljúfur er hluti jarðarinnar Heiði á Síðu og er á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar. Jörðin er einnig innan Kötlu jarðvangs. Fjaðrárgljúfrið myndaðist í lok síðustu ísaldar og er falleg rofmyndun í berggrunn úr móbergi. Fjarðará er enn að grafa sér farveg þótt hún sé ekki straummikil í dag og er gljúfrið gott dæmi um virk ferli landmótunar. Ofan við gljúfrið hafa myndast malarhjallar sem bera vitni um að þar hafi eitt sinn verið jökullón. Ekki hefur verið gerður samanburður á verndargildi sambærilegra gljúfra á landsvísu sem mynduðust í lok ísaldar og á nútíma. Fjaðrárgljúfur er ekki einstakt á landsvísu en hefur heilmikið fræðslugildi t.d. um landmótun og er vinsæll áningarstaður ferðafólks.


### 2. Hvaða ríku almannahagsmunir standa til þess að jörðin eða jarðarhlutinn verði eign



## rikisins?

Mikið álag hefur verið á svæðinu við Fjaðrárgljúfur sem varð vinsæll áningarstaður fyrir nokkrum árum síðan. Göngustígum hefur verið lokað vegna aurbleytu og gróðurþekjan hefur rofnað vegna ágangs. Katla jarðvangur hefur haft umsjón með svæðinu, fengið styrki í stífgagerð og að koma upp salernisaðstöðu. Þá hefur verið samstarf við Umhverfisstofnun um landvörslu við Fjaðrárgljúfur. Mikilvægt er að fylgjast með svæðinu, vernda og reyna að stýra þeim mikla fjölda ferðamanna sem þangað sækir. Fjallvegurinn upp að Lakagígum liggur í gegnum jörðina Heiði á Síðu og í því liggja ríkir almannahagsmunir.

Náttúrufræðistofnun Íslands mælir með því að ríkið kaupi jörðina Heiði á Síðu í Skaftárhreppi.



Myndin sýnir *Aðra náttúruminjar* á náttúruminjaskrá (gul svæði) og tillögur Náttúrufræðistofnunar á B-hluta náttúruminjaskrá (fjólublá svæði) á svæðinu. Einungis Fjaðrárgljúfur er innan jarðarinnar Heiði á Síðu. Finna má frekari upplýsingar um svæðin á vef Umhverfisstofnunar (<https://ust.is/einstaklingar/nattura/natturuminjaskra/sudurland/>) og í kortasjá Náttúrufræðistofnunar yfir svæði og tillögur á náttúruminjaskrá (<https://natturuminjaskra.ni.is/>).

Virðingarfyllt





Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Lovísa Ásbjörnsdóttir  
jarðfræðingur

